



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 433

Aagot Vilhjálmsson - Johansen

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 433

Aagot Vilhjálmsson - Johansen

Aagot Vilhjálmsson (Fougner – Johansen) var fædd á Seyðisfirði 7. apríl 1900 en ólst upp á Reyðarfirði, þar sem faðir hennar, Rolf Johansen, rak verslun. Rolf og kona hans, Christine (kölluð Kittý) voru bæði norsk, en fluttu á unga aldri til Íslands.

Aagot giftist Árna Vilhjálmsyni frá Ytri-Brekkum á Langanesi árið 1920 en hann var þá nýútskrifaður læknakandidat. Fyrstu árin bjuggu þau á ýmsum stöðum en árið 1924 tók Árni við embætti héraðslæknis á Vopnafirði og þar áttu þau sitt heimili allt til ársins 1960 er Árni lét af störfum og þau settust að í Reykjavík. Þau eignuðust 11 börn, sem öll komust upp og eiga því nú fjölda afkomenda.

Árni lést í Reykjavík árið 1977 en Aagot árið 1995.

Á heimili Johansen hjónanna var handavinna stunduð alla daga og hafa þessi handavinnublöð komið að góðum notum. Aagot hefur síðan haldið þeim saman og bróðir hennar, Sverre Johansen (1902-1955) sem starfaði sem bókbindari í Reykjavík, bundið þessa árganga fyrir hana.

Hjá stórfjölskyldunni í Læknishúsinu á Vopnafirði voru þessi blöð ekki síður til gagns og gleði; þarna var hægt að skoða tískuna í útlöndum, taka upp snið fyrir flíkur á börn og fullorðna og jafnframt draga upp munstur fyrir alls konar útsaum auk þess að læra ýmsar aðferðir við hannyrðir.

Aagot hafði ákaflega gaman af allskonar hannyrðum og hafði jafnan eitthvað milli handanna, og fram á síðustu ár prjónaði hún vinsæla ungbarnasokka á smáfólkið sitt.

Formálinn að skjalasafninu var saminn af Aagot og Sigrúnu Árnadætrum í nóvember 2010.

Í einkaskjalasafni Sveinbjörns Jónssonar nr. 277, möppu 46 eru mörg kort merkt persónulega til Aagot F. Johansen.

Skjalaskrá

Askja 1

Nordisk mønster - tidene nr. 7. 1924 - nr. 24. 1925.

Askja 2

Nordisk mønster - tidene nr. 1. 1926 - nr. 22. 1927.

Askja 3

Nordisk mønster - tidene nr. 1. 1928 - nr. 24. 1929.

Askja 4

Nordisk mønster - tidene nr. 1. 1930 - nr. 17. 1931.

Medfølger som tilæg til nordisk mønster - tidene nr. 1, 4, 4, 9, 1 og 16.

Skráð í nóvember 2010, Bergþóra Annasdóttir